



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Aðalskrifstofa
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Fjárlaganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

27. apríl 2017
MÍ201704-0062/ 2.00 / E.A.J.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022

Esther Anna
Jóhannsdóttir
Fjármálastjóri
esther@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands sér ástæðu til að benda sérstaklega á eftirfarandi atriði.

Á blaðsíðu 66 undir málefnasviði 14 *Ferðaþjónusta* kemur fram að þaðan eigi að flytja 400 m.kr. yfir á málefnasvið 17 *Umhverfismál*. Er sú fjárhæð hluti af því fjármagni sem ætlað er til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum.

Undir málefnasviði 17 *Umhverfismál* kemur fram að umræddar 400 m.kr. séu ætlaðar til framkvæmdar á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru **og menningarsögulegum minjum**.

Minjastofnun Íslands er undir málefnasviði 18 *Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál*. Stofnunin hefur það hlutverk, skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, að hafa umsjón með fjölmörgum minjastöðum um land allt. Stofnunin hefur einnig margþætt hlutverk er tengjast lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Fjölmargir minjastaðir í umsjón Minjastofnunar um allt land eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Minjastofnun hefur í gegnum árin fengið styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar innviða og viðhalds á slíkum stöðum og fékk einnig sérstaka úthlutun frá ríkisstjórninni árið 2015 til innviðauppbyggingar á 17 stöðum um land allt. Nú liggur fyrir frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 75/2011 um

Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, sjá þingskjal nr. 542 - 411. mál.
Sjá hér: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0542.html>

Lagabreytingarnar gera ráð fyrir að eftirleiðis muni opinberar stofnanir ekki geta sótt um styrki frá Framkvæmdasjóðnum, heldur eingöngu sveitarfélög og einkaaðilar. Gert er ráð fyrir að opinberar stofnanir fái fjármagn í innviðauppbýggingu eftir öðrum leiðum.

Minjastofnun Íslands mun því ekki geta sótt um styrki til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og svo virðist sem ekki sé heldur gert ráð fyrir fjármagni til innviðauppbýggingar á minjastöðum undir lið 18 Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, sem Minjastofnun Íslands tilheyrir.

Minjastofnun Íslands óskar eftir upplýsingum um hvert stofnuninni er ætlað að sækja fjármagn til innviðauppbýggingar og verndunar á minjastöðum um land allt á árunum 2018-2022.

Óski nefndin eftir frekari upplýsingum eða ítarefni verður brugðist við þeirri beiðni fljótt og örugglega. Sökum skamms frests til að skila inn umsögn vannst ekki tími til að fara í samantekt ítarefnis.

Virðingarfyllst,

Esther A. Jóhannsd.

Esther Anna Jóhannsdóttir
Fjármálastjóri

Afrit sent:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Auði B. Árnadóttur